

Skólaráð Naustaskóla

9. fundur ársins 2013 þann 20. nóvember 2013

Mættir:

Skólastjórnendur: Ágúst Jakobsson, Bryndís Björnsdóttir

Fulltrúar foreldra og grenndarsamfélags: Áshildur Hlín Valtýsdóttir, Gísli Rúnar Magnússon og Vaka Óttarsdóttir.

Fulltrúar starfsmanna: Aníta Jónsdóttir, Guðrún Huld Gunnarsdóttir og Yrsa Hörn Helgadóttir.

Fulltrúar nemenda ekki viðstaddir þennan fund.

Dagskrá og afgreiðslur:

1. **Námsmarkmið skólans m.t.t. aðalnámskrár.** Umræður um gerð námsmarkmiða og notkun þeirra í námi og kennslu. Teymin eru að vinna að því að nýta markmiðalistana sem komnir eru inn á mentor. Næstu námsgreinar þar inn eru íþróttir og tónmennt, þau markmið eru á leiðinni inn í kerfið. Almennt séð er hins vegar lítil meðvitund meðal nemenda um markmiðalistana og við erum ekki enn komin á það stig að ræða markvisst námsmarkmið við nemendur, rætt um nauðsyn nemendasamtala í þeim efnum.
2. **Framkvæmd agastefnu.** Farið yfir stöðu mála varðandi innleiðingu Jákvæðs aga. Í haust var gengið út frá að öll teymi myndu nýta sér kennsluáætlun sem gerð var fyrir veturinn, en það hefur gengið misjafnlega vel eftir. Stefnan virðist skila sér að töluverðu marki hvað varðar samskipti starfsfólks og nemenda, niðurstöður kannana staðfesta það m.a., hins vegar eigum við töluvert inni hvað varðar markvissa notkun gæðahringja og annarra verkfæra sem stefnan býður. Umræður um hvort að heppilegt geti verið að beina kröftunum meira að einhverjum ákveðnum árgöngum til að byrja með, Ágúst og Aníta skoða hugsanlega framkvæmd á því.
3. **Nemendafélag / hagsmunamál nemenda.** Fyrirhugað er að halda s.k. skólaþing, einhvern tímann á næstu vikum þar sem nemendum, að minnsta kosti í eldri bekkjum, gefst færi á að ræða um og hafa áhrif á þætti í skólastarfinu s.s. skólareglur o.fl.
4. **Niðurstöður samræmdra prófa.** Kynntar niðurstöður samræmdra prófa í 4., 7. og 10. bekk í haust. Skólinn hefur óskað eftir aðstoð Miðstöðvar skólaþróunar HA og skóladeildar til að rýna í niðurstöðurnar og ákvarða viðbrögð, sú vinna hefst strax í þessari viku.
5. **Þreyta og álag í stofnuninni.** Umræður um að undanfarið hefur borið töluvert á þreytu og álagi meðal starfsmanna. Í umræðunum kom upp sú hugmynd að útbúa nafnlausu skoðanakönnun meðal starfsmanna þar sem leitað væri eftir skoðunum varðandi fundaálag o.fl.
6. **Önnur mál.**
 - a. **Árshátíð.** Árshátíðin tókst vel og þótti vel heppnuð. Hins vegar hafa komið fram ábendingar frá foreldrum um að annars vegar þurfi að vekja betur athygli á framlagi þeirra nemenda sem voru í „stöðhlutverkum“ s.s. tæknimálum, sviðsvinnu o.þ.h. og einnig að leggja þurfi meiri áherslu á að sem allra flestir stígi á svið á unglingsstigi.